



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

### Samþykkt um markaðsstyrk vegna atvinnustarfsemis í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Samþykkt þessi er sett í þeim tilgangi að auka nýtingu viðkomandi atvinnuhúsnæðis í sveitarfélaginu.

#### Almennt

1. Eigendur að fasteignum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sbr. 3. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, þar sem stundaður er atvinnurekstur, geta sótt um markaðsstyrk sem ætlaður er að stuðla að frekari auðlindasköpun og nýtingu á viðkomandi atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu.
2. Styrkurinn er ætlaður til að stuðla að auknu markaðsátaki, aukinni sjálfbærni, umhverfispættingu, kynjajöfnun og/eða lýðræðsþróun í rekstri.

#### Umsókn

3. Í umsókn um styrkinn skal koma fram dagsetning umsóknar, nafn og kennitala umsækjanda, staðsetning og staðfanganúmer fasteignar skv. fasteignaskrá.
4. Í umsókninni skal koma fram lýsing á verkefninu sem sótt er um, hvenær verkefnið fór fram, hvernig tókst til og hver heildarkostnaður við verkefnið var á árinu sem sótt er um.
5. Tekið skal fram í umsókn ef um sameiginlegt markaðsátak vegna tveggja eða fleiri fasteigna atvinnuhúsnæðis eða ef um að er ræða klasasamstarf.

#### Skilyrði umsóknar

6. Umsókn og afgreiðsla um markaðsstyrkinn er bundin eftirfarandi skilyrðum:
  - Að umsækjandi sé eigandi fasteignarinnar.
  - Að húsnæðið sé notað í atvinnustarfsemi og beri skatt skv. c. lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.
  - Að átak til aukinnar nýtingar og auðlindasköpunar á húsnæði skv. 2. tl. samþykktar þessarar hafi farið fram á árinu sem sótt er um.
  - Að öll fasteignagjöld fyrir árið sem sótt er um séu uppgreidd.

#### Styrkfjárhæð

7. Styrkfjárhæð er að hámarki 250.000 kr. á ári á hvern rekstraraðila. Sé nýting húsnæðis skipt á milli almenns húsnæðis og atvinnuhúsnæðis hlutfallast hámarksstyrkfjárhæð við hlutfall skilgreinds atvinnuhúsnæðis.
8. Styrkurinn er reiknaður út frá sömu forsendum og í sömu hlutföllum og álagðir fasteignaskattar atvinnuhúsnæðis á árinu sem sótt er um, að frádregnu lármarki fasteignaskatts skv. c. lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nú 1,32%, þó aldrei hærrí en 25% af fasteignagjöldum viðkomandi eignar.
9. Styrkurinn er veittur einu sinni á ári, eða 15. desember og er umsóknarfrestur til og með 30. nóvember ár hvert. Er styrkurinn veittur í formi niðurgreiðslu á fasteignagjöldum þeirrar fasteignar sem styrkurinn er veittur til, árið á eftir.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

### Önnur ákvæði

10. Sveitarstjórn er heimilt að óska eftir frekari gögnum um verkefni umsækjanda, sbr. 2. tl. samþykktar þessarar.
11. Sveitarstjórn er heimilt að hafna umsókn teljst hún ekki fullnægja skilyrðum samþykktar þessarar.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 24. janúar 2024.*